

### 13. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

haldinn fimmtudaginn 8. febrúar 2018 kl. 08:30

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

---

#### Viðstaddir:

*Stjórnarmenn:* Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, Björgólfur Jóhannsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, Þórir Garðarsson, varaformaður Samtaka ferðaþjónustunnar og Sigrún Blöndal, formaður SSA.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, boðuðu forföll sem og Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, og Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Páll Ásgeir Guðmundsson (FJR) sat fundinn fyrir hönd fjármálaráðherra og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd Halldórs.

*Aðrir:* Ólafur Teitur Guðnason (ANR), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Orri Páll Jóhannsson (UAR) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð. Ólafur Árnason frá Eflu var gestur fundarins við umfjöllun um 3. lið.

---

#### 1. Fundargerð síðasta fundar (*ferðamálaráðherra*)

Fundargerð síðasta fundar var borin upp og samþykkt með smávægilegum lagfæringum.

#### 2. Starfsreglur stjórnar (*ferðamálaráðherra*)

Ferðamálaráðherra bar starfsreglur stjórnar upp til samþykktar á ný í ljósi þess að nýir stjórnarmenn hafa nú tekið sæti í stjórninni. Reglurnar voru samþykktar óbreyttar frá fyrri útgáfu. Rætt um fasta fundartíma mánaðarlega en umræðu ekki lokið.

#### 3. Sjálfbærni viðmið (þolmörk) - staða og uppbygging EFLU-verkefnis (*framkvæmdastjóri*)

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tilurð verkefnisins, sbr. umræður á síðasta stjórnarfundi, en markmið þess er að meta burðarþol eða þolmörk Íslands vegna ferðamanna út frá nánar skilgreindum þáttum – þ.e. þjóðhagslegum stærðum, samfélagslegum stærðum og umhverfislegum stærðum. Með sjálfbærni viðmiðum verði jafnvægi tryggt þegar horft er á einstaka þætti, en nauðsynlegt að viðmiðin nýtist til að meta kostnað sem gæti falist í að laga viðkomandi þátt. Á fundinn kom Ólafur Árnason frá Eflu og gerði grein fyrir uppsetningu verkefnisins og samstarfsaðilum. Hann sýndi jafnframt drög að skiptingu vinnu við efnisþætti verkefnisins í fjóra vinnuhópa sem myndu skila 31. mars, ráðgjafaráð sem fengi tillögur fyrir 15. apríl og stýrihóp sem fengi lokatillögur til umfjöllunar og samþykktar í byrjun maí en verkefnið yrði kynnt í framhaldinu. Jafnframt voru lagðar fram tillögur að fulltrúum í hópana sem stjórnarmenn ræddu sín á milli.

#### 4. Framtíðarsýn stjórnvalda og áherslur í ferðaþjónustu - hugmynda- og aðferðafræði og tímasetning (*ferðamálaráðherra og framkvæmdastjóri*)

Ferðamálaráðherra og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir að hér væri í raun um að ræða tvö verkefni, annars vegar opinbera stefnumótun stjórnvalda og hins vegar framhaldsverkefni greinarinnar sem framhald af sjálfbærni viðmiðaverkefninu. Með opinberri stefnumótun er brugðist við gagnrýni á stjórnvöld og þeim áskilnaði Vegvísar að skrifstofa ferðamála skuli hafa vel skilgreint hlutverk í tengslum við stefnumótun. Með því væri átt við framtíðarsýn stjórnvalda sem þyrfti síðan að tengja við atvinnugreinina sjálfa. Slík sýn yrði aldrei unnin í tómarúmi. Vinna við opinbera stefnumótun er hafin í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu með aðkomu þeirra ráðuneyta í verkefnisstjórn sem hvað mesta aðkomu hafa að ferðaþjónustunni. Sá hópur er um þessar mundir að kalla til sín aðila til skrafs og ráðagerða og mun jafnframt ráðfæra sig við ráðgjafahóp sem SAF á sæti í. Hins vegar þarf að uppfæra verkefnisáætlun þess verkefnis, sem varð til áður en vinna SF fór af stað, og hraða vinnu verkefnisstjórnar sem mest. Rammi stjórnvalda, þar sem hugað verður að sjálfbærni, dreifingu ferðamanna, samhæfingu og endurskoðun löggjafar, þarf að liggja fyrir og fá þinglega meðferð samhliða vinnu undir formerkjum Stjórnstöðvar ferðamála, síðan tekur áætlun og aðgerðalisti greinarinnar við sem ekki er hægt að vinna í ráðuneytum.

Framkvæmdastjóri fór síðan yfir vinnugögn um forsendur stefnumótunar, s.s. DMP-vinnu í andshlutunum sem fær ekki raunverulegt gildi nema hún verði innleidd í gegnum lögbundnar áætlanir sveitarfélaga. Talsmenn greinarinnar lögðu áherslu á að stefnumótuninni yrði hraðað og töldu rétt að vinna a.m.k. einhverja þætti í vinnu stjórnvalda annars vegar og greinarinnar hins vegar samhliða.

**5. Forgangsmálefni í ferðapjónustu 2018 - salernismál, öryggismál o.fl. (framkvæmdastjóri)**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að undirbúningsvinna væri hafin fyrir útboð á uppsetningu og rekstri bráðabirgðasalerna eins og gert var sumarið 2017. Ferðamálaráðherra kvaðst vilja fara aftur í verkefnið en byrja fyrir að vori og halda rekstrinum áfram lengur fram á haustið. Skýrsla Vegagerðarinnar um góðan árangur af verkefni sumarsins 2017 verður send stjórnarmönnum. Rætt um að málið ætti ekki lengur heima á borði SF og þyrfti að finna því heimilisfesti á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Jafnframt rætt um öryggismál á breiðum grundvelli og heimildir lögreglunnar til sekta þegar ferðamenn brytu reglur. Í því skyni væri mjög æskilegt að lögreglusambýkktir væru samræmdar eins og þegar hefði verið gert á Suðurlandi. Einnig var rætt um fjölgun landvarða og fjárveitingu til landvörslu í gegnum landsáætlun um uppbyggingu innviða á vegum UAR, en ljóst þykir að reynslan af viðbótarfjárveitingu til landvörslu sumarið 2017 var góð og skilaði miklu. Ákveðið að kalla aftur saman hópa á vegum SF til að fara yfir forgangsmálefni sumarsins 2018.

**6. Stoðkerfi ferðapjónustunnar - markaðsstofur og stoðkerfi á landsbyggðinni.**

Rætt um samninga sem Ferðamálastofa er að gera við markaðsstofur landshlutanna í framhaldi af ákvörðun ferðamálaráðherra um að auka stuðning við markaðsstofurnar. Samhljómur meðal fundarmanna um að ríkið getur ekki gert langtímasamninga við markaðsstofurnar nema settur verði betri rammi um þær. Það upplegg að gera samning til eins árs og nota sumarið til að skilgreina markaðsstofurnar og starfsemi þeirra betur er heppilegt að mati stjórnarinnar. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu um uppbyggingu og hlutverk markaðsstofanna í samvinnu við ferðamálastjóra.

**7. Önnur mál.**

Fulltrúar SAF vöktu athygli á áskilnaði stjórnarsáttmála varðandi það að Isavia ohf. yrði sett eigendastefna og spurðu hvort hér væri um að ræða almenna stefnu eða stefnu varðandi eignarhald. Fram kom að um væri að ræða hluta af almennri vinnu fyrir opinber hlutafélög, varðandi Isavia yrði horft á hlutverk félagsins í flug- og ferðapjónustu sem og nýtingu á jörðum o.s.frv. Greiningarvinna væri hafin en verkefnið sneri fyrst og fremst að rekstrarfyrirkomulagi og fjárfestingastefnu félagsins. Ekki gafst tími til að ræða um gjaldtöku og einföldun stjórnkerfis gagnvart ferðapjónustunni undir þessum lið eins og SAF hafði óskað eftir og þeirri umræðu því frestað. Upplýst var að mistök hefðu átt sér stað við vinnslu skýrslu Seðlabanka Íslands þess efnis að lækka ætti efra þrep virðisaukaskatts sumarið 2019.

**Til næsta fundar verður boðað í byrjun mars.**

**Fundi slitið kl. 10:10.**